



TARAMAR

Stórkostleg verðmæti úr hafdjúpunum

TARAMAR-húðvörurnar byggja á sjávarfangi og eru þróaðar í hámarksgæðum með mikla sérstöðu fyrir lúxusmarkaði. Öll þróun hjá TARAMAR byggir á rannsóknum í sjávarlíffræði og matvælafræði með áherslu á lífvirk efni. Stofnendur fyrirtækisins stefndu að því að verða fyrst á markað með tæknilega útfærðar húðvörur sem í raun geta endurbyggt húðina en eru um leið svo hreinar að það má borða þær. Vörurnar hafa verið í sölu hér heima og í Kína og frekari kynningar á þeim á síðasta ári eru að bera árangur og fyrsta markaðssetning inn á Dubai-svæðið á sér nú stað. Einnig er mikill áhugi hjá söluaðilum á lúxusvörum í Evrópu og telja má líklegt að vörurnar verði komnar inn á þá markaði síðar á þessu ári.

Nýsköpunin sem TARAMAR stendur fyrir byggir á sjávarfangi og felur í sér mjög mikla verðmættaukningu. Aðferðirnar sem TARAMAR hefur þróað breyta sjávarfangi í dýrar lúxushúðvörur og bjóða upp á lausnir við vandamálam sem hafa mikil áhrif á heilsu manna. „Verðmættaukningin getur numið allt að 3600% frá þurru þangmjöli í lúxushúðvörur sem hefur virkni til að umbreyta og endurbyggja húðina á greinilegan hátt sem sjá má með berum augum,“ segir Guðrún Marteinsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri TARAMAR.

„Öll þróun hjá TARAMAR byggir á rannsóknum í sjávarlíffræði og matvælafræði við Háskóla Íslands og Rutgers University, NJ, USA. Þessar rannsóknir hafa staðið yfir langt tímabil, eða allt frá 1979, og standa



enn. Rannsóknirnar spanna breitt svið eða allt frá áhrifum vatnsvirkni á vítamín, einangrun lífvirkra efna og áhrifa þeirra á lifandi vefi sem og þróun og notkun á náttúrulegum ferjum sem ferja lífvirku efnin djúpt inn í húðina eða auðvelda upptöku þeirra í meltingarvegi. Alls hafa verið birtar fleiri en 80 ritryndar greinar sem tengjast þessari þróun á einn eða annan hátt.“

Einkaleyfavarin framleiðsluáferð NoTox®

Strax frá upphafi einsettu Guðrún Marteinsdóttir og Kristberg Kristbergsson, stofnendur TARAMAR og prófessorar við Háskóla Íslands, sér að gera TARAMAR-húðvörurnar afburða hreinar og afgerandi lífvirkar. Þannig stefndu þau að því að verða fyrst á markað með tæknilega útfærðar húðvörur sem í raun geta endurbyggt húðina en eru um leið svo hreinar að það má borða þær. Þannig myndu þau brúa bilið á milli organic/grænna húðvara og tæknilegra húðvara sem dræggju úr sýnilegum áhrifum öldrunar.

„Enn þann dag í dag eru slíkar vörur svo til ófánlegar en flestar tæknilega útfærðar húðvörur innihalda fjölda efna sem talin eru geta verið skaðleg fyrir húð og innri kerfi líkamans.“ Til að ná þessu markmiði þróðu þau nýja aðferð til að framleiða húðvörur, NoTox.

Þessi aðferð er varin með einkaleyfi og er að mörgu leyti frábrugðin venjulegum aðferðum sem notaðar eru í þessum tilgangi.

Gleypa í sig skaðlega geisla sólarinnar

Rannsóknir TARAMAR sýndu að lífvirk efni úr þörungum hafa margvíslega virkni. Sum af þessum efnum nýtast í sólarvarmir þar sem þau gleypa í sig skaðlega geisla sólarinnar. „Þannig hefur TARAMAR þróað sólarvörn sem inniheldur engin skaðlega efni en eins og margir vita fer mjög slæmt orð af sólarvörnum og flestar innihalda efni sem eru bæði skaðleg fyrir menn og lífríki. Í dag hafa margar baðstrandir bannað alla notkun á sólarvörnum vegna skaðlegra áhrifa á lífríkið í grunnsjó á strandsvæðum.“

Þangið stoppar oxun og áhrif sindurefna

Önnur efni sem eru einangruð úr þangi og þörungum stoppa oxun og draga úr virkni sindurefna. „Sindurefni eru skaðleg efni sem



Mynd: Aðsend/Taramar

eru megináhrifavaldar í öldrun húðarinnar. Þangið við Ísland hefur sérstaklega mikla getu til að vinna á móti oxun og áhrifum sindurefna. Samþætting þessara efna inn í húðformúlur skapar einstakar vörur sem vinna með húðina frá fyrsta degi án þess að innihalda nein skaðleg efni.“

Ein af þangtegundunum við Ísland inniheldur efni sem stoppar niðurbrot á byggingarefnum húðarinnar, kollagen, elastin og tyrosine. „Þessi uppgötvun er í raun stórkostleg og hefur meiriháttar áhrif til góðs inn í húðvörulínu TARAMAR. Niðurbrot stoðvefjanna er alltaf í gangi, bæði vegna ferla sem eiga sér stað í líkamanum og líka vegna utanákomandi áhrifa, meðal annars frá húðvörum og efnum sem við berum á húðina. Lífvirku efnin í þanginu innihalda efni sem stoppa þessa ensím-virkni og stuðla þannig að sterkari stoðvef og betri húð.“

Rannsóknir TARAMAR sýna að lífvirk efni úr þanginu hafa svo margvíslega virkni. Sum stuðla að ferlum sem draga úr þrota og bólgu og önnur styrkja frumhimmur og mýkja hornhúðina. „Í heildina má segja að þangið okkar kæra sé algjör fjársjóður hvað varðar efni sem eru góð fyrir húð og líkama.“

Fjármögnun nýsköpunarinnar

TARAMAR-vörurnar fóru fyrst inn á íslenska markaðinn seint á árinu 2015. Síðan þá hafa margir erlendir fjárfestar sýnt áhuga á fyrirtækinu en í flestum tilfellum hefur áhuginn beinst að því að ná yfir stjórn á hugviti fyrirtækisins og jafnvel flytja það úr landi.

„TARAMAR hefur staðið af sér þetta árreiti en stefna fyrirtækisins er að byggja upp atvinnu á Íslandi og nýta íslenskar auðlindir og láta verðmætastöpunina eiga sér stað hér. Framleiðsla TARAMAR er í Sandgerði og í dag vinna fjórar konur úr Sandgerði og Keflavík við framleiðslu og þökkun.



Frá Stykkishólmi

Mynd: Aðsend/Taramar

Fáar af hinum hefðbundnu fjárfestingarleiðum, svo sem nýsköpunarsjóðir, hafa stutt við bakið á TARAMAR. Eignarhaldsfélag Suðurnesja er eina félagið sem hefur komið inn með eitthvað fjármagn að ráði og í raun væri TARAMAR ekki til ef þeirra hefði ekki notið við.

Til að standa undir kostnaði við þróun og markaðssetningu hefur TARAMAR farið þá leið að bjóða almennum borgurum hluti til sölu og í dag hafa fleiri en 500 Íslendingar keypt hluti í TARAMAR og fengið í staðinn aðgang að vörum TARAMAR á mjög hagstæðu verði. Margir af þessum hluthöfum hafa tekið virkan þátt í starfsemi TARAMAR og haft áhrif á þróun með prófunum og umsögnum. Auk þess rekur félagið vildarklúbb sem nú inniheldur rúmlega 6000 manns. Þannig er félagið í stöðugu sambandi við neytendur og nýtir góðs af reynslu og upplifunum vildarklúbbsmeðlima en í hverjum mánuði berast margar sögur af uppgötvunum og virkni varanna.“

Fyrir þá sem hafa áhuga á að taka þátt í þróun og markasetningu TARAMAR sem einn af eigendunum þá má finna upplýsingar hér: www.taramar.is/hluthafar og þeir sem vilja ganga í vildarklúbbinn er bent á www.taramar.is/vildarklubbur

Sérstaða og markaðssetning

„TARAMAR hefur þróað ákaflega verðmætast vörur og þekking félagsins er mikil og dýrmæt.

Kynningar á húðvörnum erlendis á síðasta ári eru að bera árangur og fyrsta markaðssetning inn á Dubaisvæðið á sér stað í þessum töluðum orðum. Einnig er mikill áhugi hjá söluaðilum á lúxusvörum í Evrópu og telja má líklegt að vörurnar verði komnar inn á þá markaði síðar á þessu ári.

Það sem gerir TARAMAR vörurnar svo sérstakar og áhugaverðar fyrir þessa markaði er að þær eru íslenskar og byggja á íslensku hugviti. Allar TARAMAR-vörurnar eru framleiddar frá A-Ö á Íslandi, við afburða hreinar aðstæður sem mætti næstum líkja við skurðstofu. Þetta er mjög sérstakt því oftan en ekki leikur vafi á uppruna vara í þessum iðnaði og oft kemur í ljós að vörur sem eru kenndar við eitt land eru búnar til í öðru landi. Hreinleiki TARAMAR-varanna skapar líka mjög mikla sérstöðu en neytendur eru nú meðvitaðri um innihaldsefni og láta ekki bjóða sér hvað sem er. Auk þessa er virkni TARAMAR-varanna svo mikil að hún kemur á óvart. Þessi virkni hefur verið sannprófuð af óháðum aðilum og TARAMAR stundar einnig prófanir til að auka skilning á heilandi ferlum í húðinni. Þannig kemur í ljós að jákvæðar breytingar í húðinni eiga sér oft stað mjög hratt eftir að viðkomandi skiptir yfir í 100% hreinar og lífvirkar vörur eins og TARAMAR.“

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í prófunum hjá TARAMAR er bent á að hafa samband við Írisi Thordersen (iris@taramar.is).